

Því dæmist rjett að vera:

Hjeraðsdómurinn á óraskaður að standa. Hinn ákærði Jón Vigfússon greiði allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málfutningslaun til hins skipaða sóknara og svaramanns fyrir landsyfirdóminum, málsfærslumannanna Sigurðar Þórðarsonar og Franz Siemsens, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 5. aprilmán.

Nr. 43/1885

Kr. Ó. Þorgrímsson
 gegn
 E. Egilson.

D ó m u r :

Með stefnu, dagsettri 17. desbr. f. á., hefur Kr. Ó. Þorgrímsson áfrýjað til landsyfirdómsins dómi, gengnum á bæjarþingi Reykjavíkur 9. júlí 1885, í máli milli hans og Egilssons út af meidyrðum —, en með þeim dómi er hinn stefndi dæmdur til að lúka í sekt til landssjóðs 50 kr., ella sæta einföldu fangelsi í 15 daga, og greiða áfrýjanda í málskostnað 12 kr.; svo er og orðið „lygari“, er hinn stefndi hafði við haft um áfrýjanda, dæmt dautt og ómerkt —, og krafizt fyrst og fremst, að hinn stefndi verði dæmdur í þá hörðustu hegningu, en að hjeraðsdómurinn verði að öðru leyti staðfestur, en til vara, að undirrjettardómurinn verði að öllu leyti staðfestur, og hvernig sem fer, að hinn stefndi verði dæmdur til að lúka hæfi-

legum málskostnaði fyrir yfirdómi. — Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að málinu verði frávísað og honum verði dæmdur málskostnaður skaðlaust.

Þessari kröfu sinni til stuðnings hefur hinn stefndi lagt fram skjal nokkurt, dagsett 14. ágústmán. f. á., og er það privat sætt milli málspartanna um, að öllu þrasi og málsýfingum milli þeirra skuli lokið og þeir alsáttir. Að vísu hefur áfrýjandinn haldið því fram, að þessi sátt nái aðeins til nokkurs hluta af því, sem þeim málsþörtum bar á milli, og að Egilsson hafi rofið þá sætt, með því, eptir að sættin gjörðist, að taka út áfrýjunarstefnu í málinu.

En yfirdómurinn verður að líta svo á, að orðin í ný nefndu skjali, dags. 14. ágúst f. á., sjeu svo yfirgripsmikil, að þau nái til allra þeirra miskliða, er þá voru milli þeirra málspartanna, og þótt álita mætti sannað, að hinn stefndi hafi seinna tekið út áfrýjunarstefnu til yfirdóms í því máli, sem hjer er áfrýjað, þá með því hún hefur ekki verið birt áfrýjanda, virðist hún vera gagnvart honum þýðingarlaus, og að Egilsson því ekki, með því að taka hana út, hafi rofið sættina.

Samkvæmt þessu ber að vísa málinu frá yfirdóminum. Málskostnaður virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Máli þessu vísast frá yfirdóminum. Málskostnaður falli niður.